

# Einkavæðing

12

Einkavæðing er sala opinberra aðila (ríkis og sveitarfélaga) á fyrtækjum sínum eða stofnunum í hendur einkaaðila. Pólitísk umræða um einkavæðingu hér á landi hefur oftar en ekki einkennst af tilfimningahita og pólitískri hugmyndafræði. Andstæðingar einkavæðingar finna henni flest til foráttu en stuðningsmenn einkavæðingar sjá hana sem langþráða leið út úr óhagkvæmum ríkisrekstri. Hér verður reyni að draga fram helstu rök andstæðinga og stuðningsmanna einkavæðingar, bæði efna-hagsleg og pólitísk.

Helstu rök stuðningsmanna einkavæðingar eru eftirfarandi:

Rök með einkavæðingu

## 1. Bættur rekstur

Einkarekin fyrirtæki eru betur rekin en opinber fyrirtæki. Hagnáðurinn af bættum rekstri einkafyrirtækja kemur eigendumum sjálfum til góða. Það er því innbyggð hvatning til eigenda einkafyrirtækja að þeir nýti sér framlleiðsluhæftina á sem hagkvæmastan hátt. Því meira sem þeir leggja á sig við að hagræða í rekstrinum því meira hagnast þeir sjálfir. Hvatning af þessu tagi er ekki fyrir hendi þegar menn vinna hjá opinberum aðilum á föstum launum sem tengjast hvorki afköstum né hagkvæmni í rekstri.

## 2. Aukin samkeppni

Einkavæðing stuðlar að samkeppni og samkeppnin tryggir hagkvæmari rekstur. Einkafyrirtæki, sem rekin eru með hámarksgróða að leiðarljösi, eiga sifelt í hardvítugri samkeppni við önnur fyrirtæki um hylli neytenda. Samkeppnin leiðir til lægra vörugerðs og bættra lífskjara.

## 3. Valddreifing

Samþjöppun valds í höndum opinberra aðila er óþolandí í lýð-

ræðisríki. Þegar miklar eignir safnast á hendur opinberra aðila aukast völd þeirra. Einkavæðing dreifir efnahagslegum völdum frá ríki og sveitarfélögum til fjölmargra eigenda hlutabréfa í einkavæddum fyrirtækjum.

#### 4. Auknar tekjur opinberra aðila

Einkavæðingin skilar miklum tekjum í vasa opinberra aðila. Þegar verðmætar eignir ríkis og sveitarfélaga eru seldar koma inn miklir peningar sem opinberir aðilar geta notað bæði til að greiða skuldir eða dreifa til almennings, annaðhvort í formi lægri skattkafta eða sem aukinni opinberri þjónustu sem þegarnir geta nú fengið án skattahækkanu.

#### 5. Frumkvæði og nýsköpun leysisit úr læðingi

Þegar opinber fyrirtæki og stofnanir eru fluttar til einkaaðila eykt oft sveigjanleiki í rekstri þeirra. Möguleikar til að hrinda í framkvæmd nýjum hugmyndum og breytingum geta orðið til þess að fyrirtækin blómstrí.

Opinberar stofnanir hafa tilhneigingu til að staðna og vinna gagn breytingum. Stundum er eins og dauð hönd opinbers rekstrar kæfi allt frumkvæði og sköpunarkraft í fæðingu.

#### Rök á móti einkavæðingu

Helstu rök andstæðinga einkavæðingar eru eftirfarandi:

##### 1. Samþjöppun valds

Samþjöppun valds í höndum einkaaðila er óþolandí í lýðraðisríki. Þegar opinber stórfyrirtæki eru færð frá opinberum aðilum til einkaaðila eru það yfirleitt fáir efnadrí einstaklingar, fjölbjóðafyrirtæki, tryggingafélog, lifeyrissjöðir, bankar og önnur fjármálfyrirtæki sem eignast meirihluttann. Valddreifingin er því stundum litil sem engin. Hærra verð fæst fyrir fyrirtækin ef þau eru seld fáum stórum aðilum því að þá eru fyrirtækin þeim verðmatari eign. Ef eignarhaldið er á fárra höndum fylgir því oft mikil vald.

##### 2. Markmiðið með opinberum rekstri er sjaldnast hámarksgróði

Einkavæðing hentar ekki vel stofnuman þar sem markmið framleiðslunnar eru önnur en hámarksgróði. Skólar, sjúkrahús, heilsugaðshús, orkuveitur, pósthjónusta, símakerfi, sam-

göngukerfi, strætisvagnar og fjölmíðar í opinberri eign hafa önnur markmið en sams konar stofnanir og fyrirtæki í einkaeign. Einkaskóli stefnir að því að vera afburðaskóli til þess að þangað leiti allir þeir sem vilja njóta bestu menntunar og geta greitt fyrir hana. Skólar í eigu ríkis eða sveitarfélaga sem greiddir eru af almannafé eiga ekki aðeins að tryggja gæði náms, heldur einnig að sjá ollum fyrir góðri menntun. Hér þarf því að hugsa um annað og meira en að tryggja gæði og láta enda ná saman í rekstrinum. Einkaskólinn setur á skólagjöld sem tryggt geta afburðaþjónustu við nemendur. Ríkisskólnir mega ekki innheimta há skólagjöld því að þau skerða aðgang þeirra tekju-læstu að framhaldsskóla og háskólanámi sem er í andstöðu við markmiðið um jafnrétti til náms sem ríkisskólunum ber að uppfylla.

##### 3. Eignir eru færðar einkaaðilum á silfurfatí

Þegar opinberar eignir eru seldar getur verið erfitt að finna rétt verð fyrir þær. Það er yfirleitt enginn markaður til fyrir slík fyrirtæki. Þau eru auk þess oft einokunarfyrirtæki og því er erfitt að ákveði hvert raunverulegt markaðsverð þeirra er. Að mati andstæðinga einkavæðingar eru eignir opinberra aðila af þessum sökum oft færðar einkaaðilum á silfurfatí.

##### 4. Eðlislæg einóku

Einkavæðing tryggir ekki samkeppni. Mörg opinber fyrirtæki eru í eðli sínu einokunarfyrirtæki. Þó að slík fyrirtæki flyttist í hendur einkaaðila breytast markaðsþaðaður ekki. Einokunar-fyrirtæki geta sett sitt verð sjálf á markaði og búa ekki við neina samkeppni. Framleidslan er því minni og verðið hærra í slíkum fyrirtækjum en í fyrirtækjum sem framleiða á samkeppnis-markaði.

Eðlislæg einóku stafar stundum af því að markaðurinn er lítill og stærðarhagkvæmni mikil. Tvö eða fleiri fyrirtæki í greininni framleiddu því öll á miklu hærra verði en eitt geti gert ef það framleiddi fyrir allan markaðinn. Það er ekki þar með sagt að verð til neytenda í einokunarfyrirtækini yrði lægra þótt kostnadarinn væri legri í eina fyrirtæki en í fleirum. Stundum er eitt fyrirtæki skynsamlegt vegna þess að fleiri leiða til sóunar. Tvö dreifikerfi rafmagns, vatns, hitaveitu og pósts á sama svæði eru

óhagkvæmari en eitt. Það er líka sónun á landi að leggja tvenna járnbrautarteina eða two samsíða vegi milli tveggja staða. Eðlislæg einokunarfyrirtækí eru betur komin í höndum opinberra aðila en einkaaðila sem hafa hámarksgróða að meginmarkmiði í framleiðslunni.

#### 5. Verðsamkeppni er sjaldgæf

Einkavæðing tryggir því miður ekki hagkvæman rekstur. Fyrirtækí keppa í raun sjaldnast í verði nema til komi fullkomnar eða ófullkomnar samkeppnisáðstæður en þær eru ekki algengar. Einkafyrirtækí keppa oftast sin á milli með auglýsingum, þjónustu eða með fjölda vörutegunda. Einokun og fákeppni eru algengar markaðsaðstæður. Einkavæðing fyrirtækja við slískar aðstæður leiðir því miður ekki alltaf til lægra vörugerðs og bættra lífskjara neytenda.

Hvernig getum við metið þessi andstæðu rök með og á móti einkavæðingu? Forsenda styrkar atvinnustarfsemi hér á landi sem annars staðar er án efa sá trausti rammi sem opinberir aðilar, bæði ríki og sveitarfélög, hafa skapad atvinnustarfseminni á undanförnum áratugum. Hvaða áhrif hefur það fyrir atvinnulífið þegar samgöngukerfið, pósthjónustan, símakersfið og orkudreifingin í landinu eru öll komin í hendur einkaaðila þar sem markmið framleiðslunnar er hámarksgróði en ekki að byggja upp kerfi sem nær til allra þegna þjóðfélagsins, jafnt fyrirtækja sem einstaklinga, hvar sem er á landinu. Aðeins framtíðin getur svarað þessari spurningu.

Tilgangurinn með efnahaglífini er að bæta lífskjör fólksins í landinu. Það er ómögulegt að mæla hugsanlega galla einkavæðingar og bera þá saman við hugsanlega kosti hennar nema spryja sig þeirrar spurningar hvort einkavæðingin bæti lífskjör fólksins í landinu með lægra vörugerði, aukinni fjölbreytni og bættri þjónustu.

Ef einkavæðingin skilar neytandanum lægra verði á markaði eða bættri þjónustu á hún fullan rétt á sér. Ef einkavæðingin skilar á hinna bóginn hærra verði til neytenda eða verri þjónustu þá er hún ekki réttlætanleg. Hvort verður upp á teningnum fer eflaust oftast eftir því hvernig opinberir aðilar hafa staðið sig í rekstri fyrirtækja og stofnana og ekki síður eftir því hvernig

nýir eigendur haga sínum rekstri. Við höfum mörg dæmi um einkavæðingu hér á landi sem hefur tekist vel. Þar má nefna Bejarútgerð Reykjavíkur sem hafði um árabil verið rekin með tapti en var sell einkaaðilum sem sameinuðust Ísbirnínunum og stofnuðu einkafyrirtækíð Granda hf.

Bifreiðaskoðun Íslands var sell Bifgreinasambandinu. Verðið fyrir þessa þjónustu hækkaði mikil en þjónustan stórbatnaði. Bankarnir hafa verið einkavæddir og eru nú allt önnur fyrirtæki en áður. Rannsaka þarf verð og þjónustu bankanna og bera saman við það sem áður var. Bankahjónustu er nú fjölbreyttari, hagnaðurinn meiri, skatttekjur ríkisins hærri og kostnaður neytenda meiri, enda þjónustan allt önnur en áður.

#### Verkefni

- 1 Hvað er einkavæðing? Teldu upp helstu kosti og galla einkavæðingar að mati stuðningsmanna og andstæðinga hennar.
- 2 Einkavæðing er umdeild í samfélaginu – hvers vegna?
- 3 Hvaða ályktanir getur þú dregið af þessum deilum um eðli einkavæðingar?